

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um háskóla og lögum um opinbera háskóla (mat á reynslu og færni).

Flm.: Bryndís Haraldsdóttir, Haraldur Benediktsson, Jón Gunnarsson,
Njáll Trausti Friðbertsson, Páll Magnússon, Vilhjálmur Árnason.

I. KAFLI

Breyting á lögum um háskóla, nr. 63/2006.

1. gr.

1. mgr. 19. gr. laganna orðast svo:

Nemendur, sem hefja nám í háskóla, skulu hafa til þess þá færni og þekkingu sem svarar til krafna skólans um undirbúning fyrir nám á háskólastigi. Leggja skal heildstætt mat á umsækjendur og meta einstaklinga sem hafa lokið stúdentsprófi, sveinsprófi eða öðru fag-, starfs- eða listnámi. Tryggja skal að inntökuskilyrði í háskóla og námskröfur svari jafnan til þess sem krafist er í viðurkenndum háskólum á sambærilegu sviði erlendis.

II. KAFLI

Breyting á lögum um opinbera háskóla, nr. 85/2008.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 18. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðast svo:

Nemendur, sem hefja nám til fyrstu háskólagráðu í háskóla, skulu hafa til þess þá færni og þekkingu sem svarar til krafna skólans um undirbúning fyrir nám á háskólastigi. Leggja skal heildstætt mat á umsækjendur og meta einstaklinga sem hafa lokið stúdentsprófi, sveinsprófi eða öðru fag-, starfs- eða listnámi.

b. A-liður 3. mgr. orðast svo: kröfur um aukinn undirbúning í einstökum námsleiðum í grunnnámi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var áður lagt fram á 150. löggjafarþingi (185. mál) og 149. löggjafarþingi (804. mál). Því fylgdi svofelld greinargerð:

„Í frumvarpi þessu er lagt til að skýrt verði kveðið á um það í lögum um háskóla og lögum um opinbera háskóla að nemendur sem búa yfir þeirri færni og þekkingu sem svarar til krafna skólans um undirbúning fyrir nám á háskólastigi eigi þess kost að fá inngöngu í háskóla. Ekki verði lengur gerð sérstök krafa um stúdentspróf eða annað sambærilegt próf en þess í stað verði það á valdi háskólanna sjálfra að ákveða mismunandi kröfur fyrir einstakar námsleiðir.

Frumvarpinu er ætlað að gera iðn-, verk- og starfsnámi jafnhátt undir höfði og bóknámi í lög-gjöf um inntökuskilyrði í háskóla.

Með frumvarpinu eru opnaðar dyr að háskólum fyrir nemendur sem hafa lokið öðru námi en stúdentsprófi. Nú þegar er í lögnum kveðið á um þær undantekningar að háskólum sé heimilt að innrita nemendur sem ekki hafa lokið stúdentsprófi eða öðru jafngildu prófi hafi þeir öðlast reynslu eða ráði yfir þekkingu og færni sem svarar til krafna skólans um undirbúning fyrir nám á háskólastigi. Ljóst er að í framkvæmd hefur slíkt undanþáguákvæði stuðlað að því að inntaka slíkra nema mætir ávallt afgangi. Markmiðið með frumvarpinu er ekki að fleiri sæki sér háskólamenntun heldur að háskólar séu opnari til þess að taka á móti fjölbreyttari hópi nemenda með mismunandi bakgrunn sem hafi þó næga þekkingu til þess að stunda háskólanám í ákveðnum námsgreinum. Stúdentspróf verður ávallt hin hefðbundna leið til undirbúnings undir bóklegt háskólanám en verði frumvarpið að lögum verður það ekki lengur aðalkrafa við innritun.

Háskólum á að vera í sjálfsvald sett hvaða inntökuskilyrði þeir setja fyrir einstakar deildir og greinar innan skólans, hvort þeir hafi inntökupróf eða geri kröfu um stúdentspróf eða sveinspróf. Engin ástæða er til þess fyrir löggjafann að setja háskólanum skorður um inntökuskilyrði því að enginn er betur til þess fallinn að meta þau en skólarnir sjálfir. Nánari útfærsla á þessu fyrirkomulagi getur verið í höndum stofnana á háskólastigi. Þannig má sem dæmi taka að hugsanlega þarf að gera auknar kröfur um stærðfræðiþekkingu sem skilyrði á tilteknum námsbrautum og auknar kröfur um raungreinþekkingu á öðrum. Í þessu samhengi er þó mikilvægt að auka valfrelsi verðandi háskólanema til þess að sækja sér aukna menntun.

Í mörg ár hefur verið bent á nauðsyn þess að fjölga iðn- og tæknimenntuðu fólki hér á landi og að auka virðingu fyrir iðn- og verknámi og öðrum bakgrunni. Ljóst er að mikill skortur er á fólki í atvinnulífinu með iðnmenntun en fyrst og fremst er mikilvægt að breyta hugarfari fólks gagnvart annarri menntun en stúdentsprófi. Því verður ekki náð nema með því að þora að stíga skref til þess að gera fjölbreyttri menntun jafnhátt undir höfði.

Á tímum þegar tæknin tekur stöðugum framförum og óvissa er um störf framtíðarinnar verður það stöðugt meiri áskorun fyrir atvinnulífið að viðhalda samkeppnishæfni sinni. Mikilvægt er að atvinnulífið eigi kost á fleiri iðn- og tæknimenntuðum einstaklingum. Fjórða iðnbyltingin er hafin fyrir nokkru og hefur nú þegar haft mikil áhrif á atvinnulífið. Því er brýnna en nokkru sinni fyrir að gera nám á háskólastigi aðgengilegra til að einstaklingar geti bætt við sig þekkingu. Fjölbreytt val fyrir fólk með mismunandi bakgrunn er grunnþáttur til þess að efla atvinnulífið og iðnnám er ein af grunnstoðum afkastamikils og öflugs atvinnulífs. Skortur á iðn- og tæknimenntuðu fólki er orðinn hamlandi fyrir starfsemi fjölda fyrirtækja og þar með auknum framförum. Enn frekar verður þörf fyrir endurmenntun og að fólk á vinnumarkaðnum geti bætt við sig þekkingu og færni.

Kannanir hafa sýnt að ungt fólk vill meira starfsnám en erfiðlega hefur gengið að breyta gömlum viðhorfum um að bóknám sé talið skör hærra en starfs- eða iðnnám. Eftirspurn eftir starfsmönnum með grunn í iðn- og verkgreinum hefur aukist með hverju ári. Á sama tíma hefur atvinnuleysi einstaklinga með háskólapróf aukist. Þrátt fyrir þessa auknu þörf fyrir iðn-, verk- og tæknimenntað fólk rata of fáir nýnemar á verk- eða starfsnámsbrautir. Á skráningartölum haustið 2018 sést samt talsverð breyting, en þá skráðu 16% nýnema sig á verk- eða starfsnámsbrautir miðað við 12% árið 2017. Um 30% nemenda hafa verið í starfsnámi á framhaldsskólastigi og hefur það lítið breyst á undanförunum tíu árum. Innan Evrópusambandsins stunda hins vegar 47% framhaldsskólanema starfsnám á framhaldsskólastigi.

Breytingin sem lögð er til með frumvarpi þessu snýst sem fyrr segir um að löggjafinn geri bóknámi og iðnnámi jafnhátt undir höfði þegar kemur að inngöngu í háskóla. Mikil skekkja

hefur skapast milli námsvals og eftirspurnar eftir vinnuafli á Íslandi og mikilvægt er að brugðist verði við þessari stöðu sem allra fyrst. Þetta frumvarp er einungis hluti af þeim breytingum sem þarf að ráðast í til að gera iðnnámi hærra undir höfði.

Að efla iðn-, verk- og starfsnám er í þágu öflugra og fjölbreyttara samfélags sem á þess kost að takast á við nýjar áskoranir. Að taka stór skref til að breyta áherslum kerfisins og gera iðnnámi og bóknámi jafnhátt undir höfði í löggjöf er mikilvægt skref til aukinna framfara og hagsældar. Atvinnulífið þróast hratt og menntakerfið og áherslur þess mega ekki sitja eftir.“